

Mentorverkefnið



VINÁTTA

**Handbók mentora
2011-2012**

**Börn, háskóla- og framhaldsskólanemar hittast
til að læra hvert af öðru**

Kæru mentorar

Við bjóðum ykkur velkomin í mentorverkefnið Vináttu. Hér eru nokkrar hagnýtar upplýsingar sem geta reynst ykkur gagnlegar þegar út í mentorhlutverkið er komið.

Markmið með Vináttu

Mentorverkefnið Vináttu er samfélagsverkefni og er eitt meginmarkmið þess að háskóla- og framhaldsskólanemendur vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars. Langtímamarkmið mentorverkefnisins Vináttu er að auka möguleika barna til lífsgæða með því að bæta við reynslu þeirra jákvæðum upplifunum af samveru við fleiri fullorðna aðila en eru fyrir í lífi þeirra. Tengslin sem myndast geta bætt sjálfsmynd barnsins sem meðal annars getur komið fram í auknum námsáhuga og lífsleikni. Háskóla- og framhaldsskólaneminn fær hins vegar tækifæri til að verða fyrirmynd í lífi barnsins og öðlast innsýn í hugarheim barns á grunnskólaaldri.

Samverustundirnar eru þrjár klukkustundir í viku hverri allt skólaárið (frá október til apríl) og koma þátttakendur sér saman um að gera eitthvað skemmtilegt. Þessar stundir þurfa ekki að vera úthugsaðar og skipulagðar því samveran er mikilvægust.

Sundurgreind markmið verkefnisins.

Börnin eiga að:

- Kynnast nýjum hugmyndum, aðstæðum og öðlast nýja þekkingu og reynslu
- Styrkja sjálfsmynd og auka félagslegsþæfni
- Kynnast nýjum aðstæðum til skemmtunar
- Kynnast möguleikum til náms

Mentor/nemandi skal hafa aflað sér almennrar **þekkingar og skilnings** á:

- mentorhlutverkinu
- hugmyndafræði mentorverkefnisins Vináttu
- mikilvægi fyrirmynda í félagsmótun barna
- meðferð trúnaðarupplýsinga

Mentor/nemandi skal hafa öðlast **leikni** í:

- að setja sér markmið í námi
- að skipuleggja samverustundir
- að leita lausna í samvinnu við aðra
- skráningu og meðferð trúnaðarupplýsinga
- að meta eigin frammistöðu á gagnrýnin hátt

Mentor/nemandi skal geta **hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni** sem hann hefur aflað sér til að:

- vera jákvæð fyrirmynd grunnskólabarns
- geta átt uppbyggileg samskipti við annað fólk
- geta lagað sig að margbreytilegum aðstæðum
- vinna að velferð barna og öðlast víðtæka reynslu í samskiptum við börn

Frá því að mentorverkefnið Vinátta hóf göngu sína hér á landi árið 2001 hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir til þess að meta árangur þess. Rannsóknir og greining ehf. var fengin til að gera frummat á því hvernig til hefði tekist að loknu fyrsta starfsári þess þ.e. skólaárið 2001-2002. Niðurstöður gáfu meðal annars til kynna að börn, mentorar og foreldrar/forráðamenn voru almennt ánægðir með starfið. Til að mynda hefði þátttaka í verkefninu leitt til aukins þroska beggja aðila og stuðlað að auknu sjálfstrausti barnanna. Íslenskukunnátta þátttakenda af erlendum uppruna var talin hafa batnað og nokkrir sögðu helsta kost verkefnisins að það gæfi þátttakendum nýja sýn á lífið og brúaði bilið milli kynslóða. Árið 2004 gerði Elín Þorgeirsdóttir rannsókn til þess að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í íslensku samfélagi. Niðurstöður hennar bentu til þess að verkefni sem þetta sé jákvætt innlegg í uppeldis- og skólustarf og því þörf á að festa það í sessi í íslensku samfélagi. Auk þess hefur verkefnastjórn Mentorverkefnisins metið verkefni árlega og gefið út ársskýrslur þar sem settar eru fram tölulegar upplýsingar og markmið næsta skólaárs.

Mentorhlutverkið

Að vera mentor snýst um að gefa sjálfum sér tíma með barninu, leyfa sér að læra af samskiptunum við barnið, taka þátt í lífi barnsins, læra að skilja þann heim sem barnið lifir í og læra að skoða sjálfan sig í nýjum aðstæðum. Margir mentorar telja að þeir hafi öðlast jákvæða reynslu með því að eignast yngri vin, það veiti þeim tækifæri til að setja sig inn í hugsunarhátt barna og hjálpi þeim að skilja mismunandi gildismat, menningu og öðlast aðra sýn á lífið og tilveruna.

Að vera mentor þarf hvorki að vera erfitt né erilsamt. Það snýst einfaldlega um að vera sá sem maður er og veita öðrum einstaklingi athygli. Mentor er fullorðin fyrirmynd sem getur eflt jákvæða reynslu barna og þannig haft góð áhrif á sjálfsmat þeirra. Góð ráð fyrir mentora finnið þið á <http://www.kvenno.is/vinatta/godrad.htm>.

Starfið skólaárið 2011-2012

Upphaf:

Við hefjum starfið í byrjun október með sameiginlegum upphafdegi, miðvikudaginn 5. október í Kvennaskólanum í Reykjavík, Þingholtsstræti 37. Sjá skipulag á upphafsdegi

<http://www.kvenno.is/vinatta/upphafsdagur.htm>.

Lokadagur verkefnisins verður í apríl 2012.

Tími:

Mentorar og börn hittast einu sinni í viku þrjá tíma í senn. Samfella í þessum tímum er nauðsynleg. **Ef tími dettur út þarf að bæta barninu það upp.** Mikilvægt er að tilkynna forráðamönnum barnsins ef um veikindi er að ræða.

Greiðsla á útlögðum kostnaði:

Fyrri greiðsla verður í desember 2011, kr. 10.000 og sú seinni í maí 2012, kr. 10.000. Samtals kr. 20.000.- yfir skólaárið. Þetta eru skattskyldur styrkur. **Styrkurinn verður ekki greiddur nema dagbókum sé skilað á réttum tíma.**

Athugið að greiðsla er fyrir útlögðum kostnaði mentora, foreldrar greiða kostnað fyrir börn sín.

Handleiðsla:

Kennarar og mentorar verða í reglulegu sambandi. Mentorar skila af sér dagbók þar sem skráð hefur verið hvar og hvenær mentor og barn hittust og hvað þau gerðu saman. **Skiladaga á dagbókum má sjá í kennsluáætlun og dagskrá vetrarins.** Mentorar skila alls 8 dagbókum. Leiðbeiningar um dagbókarskrif og dagbókarformið er á slóðinni <http://www.kvenno.is/vinatta/dagbok.htm>. Kennari tekur viðtal við mentor um verkefnið fyrir áramót. Auk þess verða mentorarnir í litlum hópum sem hittast einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir áramót til að ræða sameiginlega reynslu sína. **Mentorar eru boðaðir á þessa fundi skriflega í tölvupósti.** Nauðsynlegt er að skoða tölvupóstinn sinn reglulega. **Skyldumæting er á alla fundi.**

Ef einhver vandamál koma upp ber mentorum að hafa strax samband við kennara sinn

Heimasíður:

Heimasíða mentorverkefnisins Vináttu er á slóðinni <http://vinatta.is/>. Þar eru ýmsar upplýsingar og ef áhugi er fyrir hendi þá geta mentorar bætt inn efni í samráði við verkefnisstjóra. Allar ábendingar um heimasíðu skal senda til verkefnastjóra halldora@vinatta.is. Námsskeiðssíða fyrir mentorverkefnið Vináttu í Kvennaskólanum er á slóðinni www.kvenno.is/vinatta þar má finna ýmsar upplýsingar um námsmat, kennslugögn og fleira.

Starfsmenn verkefnisins

Halldóra Pétursdóttir, verkefnisstjóri (halldora@vinatta.is), gsm 896-4340
Björk Þorgeirsdóttir, ráðgjafi f. framhaldsskóla, (bjorkth@kvenno.is), gsm 8212727
Ásdís Birgisdóttir, umsjónarmaður á Akureyri (asdisb@vma.is)

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu verkefnisins og hjá starfsmönnum.

Vinátta mentorverkefni
Sturlugata 8
101 Reykjavík
Sími: 551-9873
www.vinatta.is
vinatta@vinatta.is

